

Ed.

618. Nefndarálit

[191. mál]

um frv. til l. um Blindrabókasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og rætt við fulltrúa ýmissa félagasamtaka sem frv. snertir. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en vekur jafnframt athygli á því, að á næstu árum mun þurfa verulegt viðbótarfjármagn til að anna eftirspurn eftir hljóðrituðu efni, sérstaklega frá öldruðu fólki. Nefndin telur því nauðsynlegt að athugað verði síðar á þessu ári eða á næsta ári hvort fjármögnun þessarar þjónustu við sjónskert aldrað fólk og blinda geti að hluta tengst ákveðnum sjóðum eða með öðrum hætti verði tryggðar reglubundnar tekjur til þessarar starfsemi.

Alþingi, 14. apríl 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson,
form.

Salome Porkelsdóttir,
fundaskr.

Jón Helgason,
frsm.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Davíð Aðalsteinsson.
Karl Steinar Guðnason.

Gunnar Thoroddsen.